

Ársfundur 12. maí 2015

Skýrsla stjórnar flutt af Eiríki Birni Björgvinssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2014 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabil rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er byggður á ríkistryggðum verðbréfum.

Ávöxtun var góð á árinu, nafnávöxtun sjóðsins var 6,1% og hrein raunávöxtun var 5,0% samanborið við 11,1% nafnávöxtun og 7,1% raunávöxtun á árinu 2013. Rétt er að minna á við samanburð ávöxtunar áranna 2014 og 2013 að á árinu 2013 var tekjufærð varúðarniðurfærsla vegna afleiðusamninga sem þýddi að ávöxtun sjóðsins var 2,7% betri en hún hefði verið án þessarar breytinga. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 4,3% og 4,5% ef horft er til síðustu 10 ára sem er með bestu ávöxtun lífeyrissjóða á landinu.

En þrátt fyrir góða ávöxtun liðinna ára eru teikn á lofti um að erfiðara geti verið fyrir sjóðinn að ná viðunandi ávöxtun. Ávöxtunarkrafa helstu flokka ríkistryggðra skuldabréfa hefur nú verið undir 3,5% í vel á fimmta ár og líkur eru á að ávöxtunarkrafa íslenskra ríkisskuldabréfa verði áfram undir reiknivöxtum skuldbindinga sjóðsins. Þessi lága ávöxtun á áhættulitlum eignum samanborið við þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til sjóðsins gerir sjóðum, eins og Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar, óhægt um við að viðhafa varkára fjárfestingastefnu. Til að mæta þessu gerði stjórn sjóðsins breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2014 og jók m.a. vægi innlendra hlutabréfa og skammtímabréfa á kostnað ríkisskuldabréfa. Þessi aukna áhættutaka, þó hófleg sé, skilaði góðum árangri á árinu 2014 sem sést best á ávöxtun sjóðsins. Stjórnin ákvað að auka enn í, við gerð fjárfestingarstefnu fyrir árið 2015 og markmið sjóðsins er að innlend hlutabréf verði 15% af samsetningu eigna sjóðsins í árslok auk þess sem gert er ráð fyrir að hlutfall innlána og skammtímabréfa verði 11%. Þá er gert ráð fyrir að vægi veðskuldabréfa verði aukið í 5%. Á móti verður vægi ríkisskuldabréfa lækkað í eignasafni sjóðsins. Er það trú stjórnar að þessar ráðstafanir auki ávöxtun sjóðsins, þó áfram sé óhætt að halda því fram að fjárfestingarstefna sjóðsins sé varfærin, áhættustig sjóðsins áfram lágt og hann vel innan skilgreindra áhættuviðmiða.

Hér á eftir munu svo framkvæmdstjóri, fjárfestingarstjóri og áhættustjóri fara nánar ofan í rekstur sjóðsins.

Störf stjórnar voru með hefðbundnum sniði á árinu og hefur stjórnin fundað alls 6 sinnum frá síðasta ársfundi en 236. fundur stjórnar frá stofnun sjóðsins var einmitt haldinn fyrr í dag.

Breytingar urðu á stjórn á ársfundi sjóðsins 2014 og komu þau Gunnar Gíslason og Sigríður Huld Jónsdóttir inn sem aðalmenn í stjórn fyrir hönd Akureyrarbæjar og Silja Dögg Baldursdóttir og Eva Hrund Einarsdóttir voru kjörnar til vara. Sá sem hér stendur er svo áfram formaður stjórnar eins og samþykktir sjóðsins gera ráð fyrir.

Sem aðalmenn í stjórn fyrir hönd Kjarlar sitja áfram þær Arna Jakobína Björnsdóttir og Hanna Rósa Sveinsdóttir en nýjir varamenn komu inn fyrir Kjöl á ársfundinum, þeir Hörður Geirsson og Bjarni Thorarensen. Þeir hafa hins vegar báðir sagt sig frá stjórnarþátttöku og munu nýjir varamenn skipaðir í þeirra stað hér á fundinum.

Eitt af eilífðarmálum í rekstri sjóðsins er uppgjör ríkisins á viðbótarframlögum sem safnast hafa upp í bókhaldi sjóðsins. Því miður hefur lítið þokast í viðræðum við ríkisvaldið um uppgjör þessara skuldbindinga og engir formlegir fundir hafa átt sér stað á árinu um þau mál. Brýnt er að komi verði á fundi en því miður virðist málið vera afar neðarlega á forgangslista fjármálaráðuneytisins og erfitt að fá þá til að eyða í þetta tíma og starfskröftum. Þessi staða er óviðunandi og mikilvægt að áfram sé þrýst á ríkið að klára þessa vinnu.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á árinu. Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka framkvæmdastjóra og starfsmönnum Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.